

Icelandair Group árið 2008

- Heildartekjur voru 112,7 milljarðar króna en voru 63,5 milljarðar króna 2007 og aukast um 78% á milli ára
- EBITDAR var 17,2 milljarðar króna en var 11,1 milljarðar króna árið 2007
- EBITDA var 4,8 milljarðar króna en 5,5 milljarðar króna 2007
- Virðisrýrnun óefnislegra eigna nam 6,4 milljörðum króna
- EBIT var neikvæð um 5,7 milljarða króna en var 2,3 milljarðar króna árið 2007
- Tap eftir skatta var 7,5 milljarðar króna samanborið við 0,3 milljarða króna hagnað 2007
- Eignir í lok ársins námu 98,8 milljörðum króna en voru 66,8 milljarðar króna í ársbyrjun
- Eiginfjárhlutfall er 20,3% í lok ársins 2008 en var 37,5% í ársbyrjun
- Handbært fé frá rekstri í lok árs 2008 var 2,9 milljarðar króna, en var 3,9 milljarðar króna á sama tíma í fyrra
- Hagnaður af sölu flugvéla var 0,2 milljarðar króna samanborið við 1,8 milljarð króna árið 2007

Icelandair Group - fjórði ársfjórðungur 2008

- Heildartekjur voru 28,3 milljarðar króna en voru 15,3 milljarðar á sama tíma í fyrra og aukast um 85% á milli ára
- EBITDAR var 2,4 milljarðar króna samanborið við 2,1 milljarð króna á fjórða ársfjórðungi 2007
- EBITDA var neikvæð um 2,3 milljarða króna en var 0,5 milljarðar króna á sama tíma í fyrra
- Virðisrýrnun óefnislegra eigna nam 6,4 milljörðum króna
- EBIT var neikvæð um 10,0 milljarða króna en var neikvæð um 0,3 milljarða króna á fjórða ársfjórðungi 2007
- Tap eftir skatta var 10,6 milljarðar króna samanborið við 0,8 milljarða króna tap á sama tíma í fyrra

Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group:

“Á fyrstu níu mánuðum ársins 2008 gekk starfsemi samstæðunnar vel og útlit var fyrir gott rekstrarár þó áætlanir gerðu ráð fyrir tapi á fjórða ársfjórðungi. Atburðirnir á Íslandi í október og afleiðingar þeirra gjörbreyttu rekstrarforsendum fjórðungsins og meðal annars vegna þess lítum við á niðurstöðu af rekstri ársins sem ákveðinn varnarsigur. EBITDA ársins nam 4,8 milljörðum króna, en EBITDA var neikvæð um 2,3 milljarða á fjórða ársfjórðungi. Tap ársins nam 7,5 milljörðum króna en tap fjórða ársfjórðungs var 10,6 milljarðar króna. Þar af nam afskrift óefnislegra eigna ríflega 6,4 milljörðum króna, en við mat þeirra er meðal annars tekið mið af verri stöðu í viðskiptaumhverfi einstakra félaga í samstæðunni en áður.

Undanfarna mánuði höfum við unnið með viðskiptabanka félagsins að því að endurskipuleggja fjármagnsskipan félagsins. Markmiðið er að aðlaga endurgreiðsluferli skulda að greiðslugetu samstæðunnar til lengri tíma. Við gerum ráð fyrir að vinnu þessari ljúki á næstu mánuðum.

Ljóst er að árið 2009 verður krefjandi rekstrarár fyrir Icelandair Group. Spáð er mikilli minnkun einkaneyslu á Íslandi og auk þess er gert ráð fyrir verulegum samdrætti í heiminum í farþega- og vöruflutningum flugleiðis. Þær hagræðingaraðgerðir sem þegar hefur verið gripið til munu koma samstæðunni til góða og áfram verður leitað leiða til kostnaðarlækkana. Við sjáum ýmis tækifæri í því ástandi sem upp er komið og á það við um starfsemi allra félaga innan samstæðunnar. Við erum því sannfærð um að sveigjanleiki, fjölpætt starfsemi og ekki síst frábært starfsfólk mun gera félaginu kleift að skila viðunandi rekstrarárangri á árinu 2009”

Lykiltölur 2008 og fjórði ársfjórðungur 2008

ISK' 000.000				
	Q4 08	Q4 07	12M 08	12M 07
Transport revenue	9.523	7.954	45.913	35.949
Aircraft and aircrew lease	15.529	4.532	53.055	15.510
Other	3.258	2.857	13.771	12.018
Operating Income	28.310	15.343	112.739	63.477
Salaries and related expenses	6.416	5.405	24.105	20.008
Aircraft fuel	6.750	2.470	25.887	9.769
Aircraft and aircrew lease	5.322	1.955	15.345	7.353
Aircraft servicing, handling and comm.	4.362	1.060	15.515	4.367
Aircraft maintenance	3.967	1.638	11.314	5.128
Other	3.826	2.300	15.725	11.375
EBITDA	-2.333	515	4.848	5.477
Depreciation and amortisation of intangible assets	-7.702	-824	-10.537	-3.140
EBIT	-10.035	-309	-5.689	2.337
EBT	-10.503	-1.119	-6.825	129
Net Profit	-10.570	-780	-7.468	257
EBITDAR	2.377	2.116	17.166	11.056

Hagnaður/Tap

EBITDA ársins var 4,8 milljarðar króna en 5,5 milljarðar króna árið 2007. Hagnaður af sölu flugvéla var 0,2 milljarður króna samanbórið við 1,8 milljarða króna árið 2007. EBITDA á fjórða ársfjórðungi 2008 var neikvæð um 2,3 milljarða króna en var 0,5 milljarðar króna á sama tímabili 2007. Gjaldfærð virðisrymun er 6,4 milljarðar króna. EBIT árið 2008 var neikvæð um 5,7 milljarða króna en var 2,3 milljarðar króna árið 2007. EBIT á fjórða ársfjórðungi 2008 var neikvæð um 10,0 milljarða króna en var neikvætt um 0,3 milljarða á sama tímabili 2007.

Tap ársins nam 7,5 milljörðum króna, en hagnaður ársins 2007 var 0,3 milljarðar króna. Tap á fjórða ársfjórðungi 2008 nam 10,6 milljörðum króna og 0,8 milljörðum króna á sama tímabili 2007.

Rekstrareiningar 2008

ISK' 000.000	12M 2008				
	Scheduled airline	Capacity solutions	Shared Services	Elimi- nations	Con- solidated
Segment revenue	73.592	56.648	860	-18.361	112.739
Segment cost	-71.656	-52.733	-1.863	18.361	-107.891
EBITDA	1.936	3.915	-1.003		4.848
EBIT	-5.197	1.146	-1.638		-5.689
Net finance cost	-751	855	-1.418		-1.314
Share of profit of associates	1	177	0		178
EBT	-5.947	2.178	-3.056		-6.825
Income tax	318	-1.152	191		-643
Net Profit/Loss	-5.629	1.026	-2.865		-7.468

Rekstareiningar fjórði ársfjórðungur 2008

ISK '000.000	Q4 2008				
	Scheduled airline	Capacity solutions	Shared Services	Elimi- nations	Con- solidated
Segment revenue	17.378	16.365	18	-5.451	28.310
Segment cost	-18.693	-16.983	-418	5.451	-30.643
EBITDA	-1.315	-618	-400		-2.333
EBIT	-6.306	-2.715	-1.014		-10.035
Net finance cost	-565	430	-390		-525
Share of profit of associates	0	57	0		57
EBT	-6.871	-2.228	-1.404		-10.503
Income tax	340	-335	-72		-67
Net Profit/Loss	-6.531	-2.563	-1.476		-10.570

Rekstur á fjórða ársfjórðungi 2008

Heildartekjur voru 28,3 milljarðar króna miðað við 15,3 milljarðar króna á sama tímabili í fyrra sem er 85% aukning á milli ára. Stóran hluta af þessari tekjuaukningu má rekja til innkomu Travel Service inn í samstæðuna þann 1. apríl 2008 eða um 70%. Rekstrartap fyrir fjármagnsliði nam 10,0 milljörðum króna en 0,3 milljörðum króna á fjórða ársfjórðungi 2007.

Á árinu 2008 eru gjaldfærðir 6,4 milljarðar króna vegna virðisrýrnunar óefnislegra eigna og fellur gjaldfærslan öll til á fjórða ársfjórðungi. Óefnislegum eignum samstæðunnar hefur verið úthlutað á einstök dótturfélög. Virðisrýrnunarpróf er framkvæmt í samræmi við IFRS staðal nr. 36 Ýmsar forsendur eru notaðar við prófin, svo sem framtíðar rekstar- og fjárfestingaráætlanir, ávöxtunarkrafa á eigið fé og fjármagnskostnaður. Fjármagnskostnaður og þá sérstaklega áhættuálag hefur hækkað að undanfögnu og jafnframt hefur ávöxtunarkrafa á eigið fé hækkað. Þessir þættir hafa neikvæð áhrif á niðurstöður prófana nú.

Breyttar rekstrarforsendur tveggja félaga frá því að yfirverði var upphaflega úthlutað valda verulegri gjaldfærslu og á það við um félögin SmartLynx og Icelandair Cargo. Óefnisleg eign vegna SmartLynx hækkaði á árinu um 0,8 milljarðar króna yfir eigið fé vegna lækkunar á gengi íslensku krónunnar. Vegna virðisrýrnunar er fjárhæðin, sem áður var færð yfir eigið fé, síðan færð til gjalda í rekstrarreikningi.

Veruleg virðisrýrnun er jafnframt gjaldfærð vegna Flugfélags Íslands þrátt fyrir að félagið hafi skilað góðri rekstrarafkomu á árinu 2008. Megin ástæða þess er að flugfloti félagsins er eignfærður í erlendri mynt og hefur bókfært verð hans hækkað á árinu vegna lækkunar á gengi íslensku krónunnar. Sú hækkun var færð yfir eigið fé. Framtíðarsjóðstreymi þarf að standa undir bókfærðu verði allra eigna, bæði efnis- og óefnislegra. Ef um virðisrýrnun er að ræða er bókfært verð óefnislegra eigna fært fyrst niður. Vegna þessa eru gjaldfærðar verulegar fjárhæðir í rekstrarreikningi ársins 2008 á móti hækkunum sem færðar voru yfir eigið fé

Í Áætlunarflugi og ferðaþjónustu voru tekjur 17,4 milljarðar króna 2008 en 13,9 milljarðar króna á sama tíma 2007, sem nemur 25% aukningu á milli ára. Kostnaður var 18,7 milljarðar króna en 13,9 milljarðar króna á sama tíma 2007, sem nemur 35% aukningu á milli ára sem má að miklu leiti rekja til hækkun eldsneytissverðs. EBITDA var neikvæð um 1,3 milljarðar króna en var neikvæð um 23 milljónir króna á sama tíma í fyrra. Gjaldfærð virðisrýrnun er 4,1 milljarðar króna. Tap rekstrareiningarinnar eftir skatta var 6,5 milljarðar króna, samanborið við 0,5 milljarðar króna tap á sama tíma í fyrra. EBITDAR var 0,8 milljarðar króna og var 1,0 milljarðar króna á sama tímabili í fyrra.

Á sviði Leiguflugs og Flugvélaviðskipta voru tekjur 16,4 milljarðar króna en 4,8 milljarðar króna á sama tíma 2007. Kostnaður var 17,0 milljarðar króna en 4,0 milljarðar króna á sama tíma 2007. EBITDA var neikvæð um 0,6 milljarðar króna en var 0,7 milljarðar króna á sama tíma í fyrra. Gjaldfærð virðisrýrnun er 1,7 milljarðar króna. Tap rekstrareiningarinnar eftir skatta var 2,6 milljarðar króna samanborið við hagnað upp á 0,3 milljarðar króna á sama tíma í fyrra. EBITDAR var 2,0 milljarðar króna en var 1,3 milljarðar króna á sama tíma í fyrra.

Afkomutilkynning ársins 2008

Flutningatekjur aukast um 1,6 milljarða króna milli fjórða ársfjórðungs 2007 og 2008 eða um 20%. Tekjur vegna farþegaflutninga aukast um 16,9% eða 1,1 milljarða króna á milli tímabila meðan tekjur vegna vöru og póstflutninga hækka um 35 % eða 0,5 milljónir

króna. Hjá Icelandair lækkuðu farþegatekjur um 12,2% á milli fjórða ársfjórðungs 2007 og 2008 en fjöldi farþega minnkaði um 24,2% og voru 250 þúsund á fjórða ársfjórðungi 2008. Sætanytingarhlutfall lækkaði í 69,4% úr 73,9 eða um 4,5 prósentustig en einingaverð á föstu gengi hækkaði um 12,3%.

Tekjur af leiguflugsviðskiptum aukast um 11,0 milljarða á milli fjórða ársfjórðungs 2007 og 2008. Þessa aukningu má fyrst og fremst rekja til innkomu Travel Service en sú aukning nam 8,1 milljarði króna.

Aðrar tekjur hafa hækkað um 0,3 milljarða króna á milli fjórða ársfjórðungs 2007 og 2008 eða um 9%.

Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður hækkaði um 1,0 milljarð króna eða um 19% á milli fjórðunga 2007 og 2008, en stærstur hluti af þessari hækkun eða 939 milljónir króna eru vegna innkomu Travel Service.

Eldsneytiskostnaður hækkar um 4,3 milljarða króna á milli ára sem er 173% hækkun. Áhrif vegna innkomu Travel Service eru um 2,5 milljarðar króna. Meðalverð á fjórða ársfjórðungi 2008 var USD 643 á tonn en var USD 865 á tonn á sama tíma í fyrra.

Flugvéla og áhafnaleiga hefur hækkað um 3,4 milljarða króna á milli ára eða um 172%. Um 2,0 milljarða af þessari hækkun má rekja til Travel Service.

Afgreiðslu-, lendingar- og yfirflugsgjöld hækka um 3,3 milljarða á milli ára en um 87% af hækkuninni má rekja til Travel Service.

Viðhaldskostnaður eykst um 2,3 milljarða króna á milli ára en tæplega helming af því má rekja til Travel Service.

Fjármagnsliðir

ISK' 000.000	12M 08	12M 07	Q4 08	Q4 07
Interest income	183	339	-128	116
Interest expenses	-3.697	-2.545	-1.182	-723
Currency effect	1.724	57	785	31
Gain from sale of derivatives	476	0	0	0
Net finance cost	-1.314	-2.149	-525	-576

Fjármagnsliðir

Nettó fjármagnsgjöld á fjórða ársfjórðungi 2008 voru 0,5 milljarðar króna samanborið við 0,6 milljarða króna á sama tíma árið 2007. Nettó fjármagnsgjöld á árinu 2008 námu 1,3 milljörðum króna samanborið við 2,1 milljarða króna árið 2007.

Fjármagnstekjur jukust um 510 milljónir króna milli fjórða ársfjórðungs 2007 og 2008.

Fjármagnskostnaður jókst um 0,5 milljarða króna á milli fjórðunga.

Efnahagsreikningur

ISK '000.000	31/12/08	31/12/07	Diff.
Operating Assets	36.798	22.832	13.966
Intangible assets	29.306	26.846	2.460
Investment in associates	1.008	2.335	-1.327
Aircraft purchase prepayments	4.226	249	3.977
Long-term receivables	6.054	1.788	4.266
Cash and cash equivalents	4.065	2.006	2.059
Other assets	17.373	10.704	6.669
Total assets	98.830	66.760	32.070
Stockholders equity	20.080	25.033	-4.953
Total non-current liabilities	25.112	14.174	10.938
Total current liabilities	53.638	27.553	26.085
Total equity and liabilities	98.830	66.760	32.070

Efnahagsreikningur

Heildareignir voru 98,8 milljarðar króna í árslok 2008 en voru 66,7 milljarðar króna í árslok 2007. Hækkun eigna skýrist að langmestu leyti af veilingu krónunnar gagnvart öðrum gjaldmiðlum og með innkomu Travel Service inn í samstæðuna.

Eiginfjárhlutfall í lok ársins var 20,3% en var 37,5% í ársbyrjun 2008.

Varanlegir rekstrarfjármunir hafa hækkað um 14,0 milljarða króna á milli ára.

Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum á árinu námu 6,0 milljörðum króna en þar af voru um 1,7 milljarðar vegna nýrra sæta og skemmtikerfis í vélar Icelandair. Fjárfestingar í hreyflatimum námu 1,0 milljarði króna. 2,2 milljarðar voru fyrirframgreiðslur vegna flugvélakaupa.

Óefnislegar eignir hækka um 2,4 milljarða króna á árinu þrátt fyrir gjaldfærða virðisrýrnun, 6,4 milljarða króna. Hækkunin kemur til vegna veikingar krónunnar og kaupa á Travel Service.

Langtímaskuldir hafa aukist um 10,9 milljarða króna á árinu.

Skammtímaskuldir hafa hækkað um 26,1 milljarða króna á árinu.

Vaxtaberandi skuldir nettó námu 39,2 milljörðum króna og hafa hækkað um 16,1 milljarð króna á árinu.

Sjóðstreymi

ISK '000.000	2008	2007
Working capital from operations	2.911	1.495
Net cash from operating activities.	2.938	3.889
Net cash used in investing activities	-5.580	-5.461
Net cash from financing activities	2.892	853
Increase in cash and cash equivalents	250	-719
Effect of exchange rate fluctuations on cash held.	1.809	-51
Cash and cash equivalents at 1 January	2.006	2.776
Cash and cash equivalents at 31 December	4.065	2.006

Sjóðsstreymi

Veltufé frá rekstri nam 2,9 milljörðum króna en var 1,5 milljarðar króna á árinu 2007.

Handbært fé frá rekstri var 2,9 milljarðar króna, en var 3,9 milljarðar króna á árinu 2007.

Handbært fé í árslok nam 4,1 milljarði króna samanborið við 2,0 milljarða króna í ársbyrjun.

Samanburður –Lykiltölur

ISK'000.000	Q4 07	Q1 08	Q2 08	Q3 08	Q4 08
Transport revenue	7.954	6.773	12.208	17.409	9.523
Charter revenue	4.532	5.187	12.898	19.441	15.529
Other	2.857	2.050	3.848	4.615	3.258
Operating Income	15.343	14.010	28.954	41.465	28.310
Salaries and related expenses	5.405	5.005	6.229	6.455	6.416
Aircraft fuel	2.900	2.622	6.538	9.977	6.750
Aircraft and aircrew lease	669	2.551	3.684	3.788	5.322
Aircraft servicing, handling and navigation	1.457	996	3.752	6.405	4.362
Aircraft maintenance	2.026	1.112	2.707	3.528	3.967
Other	2.371	2.581	4.189	5.129	3.826
EBITDA	515	-857	1.855	6.183	-2.333
EBIT	963	-1.663	901	5.108	-10.035
EBT	-1.119	-2.081	655	5.104	-10.503
Net Profit	-780	-1.678	395	4.385	-10.570
EBITDAR	2.116	705	5.279	8.805	2.377

Horfur 2009

Verulegar breytingar hafa orðið í rekstrarumhverfi samstæðunnar frá byrjun október 2008. Spáð er miklum samdrætti í einkaneyslu á Íslandi sem mun leiða af sér verulega minni eftirspurn í flugi frá Íslandi og í innanlandsflugi. Einnig leiðir það af sér minni innlendri eftirspurn eftir öðrum þáttum ferðaþjónustu. Hins vegar gerum við ráð fyrir nokkurri aukningu á erlendum farþegum bæði til Íslands og eins farþegum sem fara um Ísland. Í því felast tækifæri fyrir fyrirtæki í ferðaþjónustunni svo sem Iceland Travel og Icelandair Hotels sem byggja mjög rekstur á erlendum ferðamönnum. Lækkun eldsneytisverðs að undanförmu bætir rekstrargrundvöll flugfélaganna en á móti kemur að niðursveifla í efnahagslífi í Evrópu hefur neikvæð áhrif á rekstur Travel Service og Smartlynx. Í ljósi mjög breyttra aðstæðna í rekstrarumhverfi samstæðunnar hefur verið gripið til aðgerða hjá öllum félögum innan samstæðunnar.

Á heildina litið eru framtíðarhorfur Icelandair Group ágætar og samkvæmt áætlunum félagsins er gert ráð fyrir hærra EBITDA hlutfalli á árinu 2009 en var á árinu 2008

Endurskoðun

Samstæðureikningur Icelandair Group vegna ársins 2008 var samþykktur á stjórnarfundum þann 20. febrúar 2009. Ársreikningurinn hefur verið endurskoðaður án fyrirvara af endurskoðendum félagsins KPMG.

Icelandair Group –Kynningarfundur fyrir markaðsaðila 23. febrúar nk.

Opinn kynningarfundur fyrir markaðsaðila og hluthafa verður haldinn mánudaginn 23. febrúar, á Hilton Reykjavík Nordica (Sal I). Stjórnendur Icelandair Group munu kynna afkomu félagsins. Kynningin hefst kl. 8:30.

Kynningarefni vegna fundarins verður hægt að nálgast að honum loknum á heimasíðu Icelandair Group: www.icelandairgroup.is og í fréttakerfi Kauphallar Íslands.

Frekari upplýsingar veita:

Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group

sími: 896-1455

Bogi Nils Bogason, framkvæmdastjóri fjármála Icelandair Group

sími: 665-8801